

REGLUGERÐ

um úthlutun aflahlutdeildar í þykkvalúru.

1. gr.

Fyrir upphaf fiskveiðiársins 1999/2000 skal þeim skipum, sem aflareynslu hafa í þykkvalúru á tímabilinu 1. júní 1996 til 31. maí 1999, úthlutað aflahlutdeild í þykkvalúru á grundvelli aflareynslu þeirra það tímabil.

Við útreikning aflahlutdeildar hvers skips skal leggja til grundvallar aflaupplýsingar, samkvæmt aflaupplýsingakerfinu Lóðs og hlutfall heildarafla í þykkvalúru, sem einstök skip hafa veitt á ofangreindu tímabili.

Hafi veiðileyfi verið flutt á milli skipa fylgir aflareynslan veiðileyfinu.

Við útreikning á aflahlutdeild einstakra skipa skal ekki tekið tillit til frátafa frá veiðum á viðmiðunartímabilinu.

Eigi síðar en 1. júlí 1999 skal Fiskistofa senda upplýsingar um skráðan afla í þykkvalúru til eigenda hlutaðeigandi skipa. Skal eigendum skipa gefinn kostur á því að koma á framfæri við Fiskistofu athugasemdum um afla skipanna fyrir 15. júlí 1999.

Áður en endanlegri aflahlutdeild í þykkvalúru er úthlutað, skal Fiskistofa taka afstöðu til fram kominna athugasemda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. júní 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 392

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1998.

Rekstrarreikningur ársins 1998.

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Tekjur:		
Vegna sölu forsetamyntar 1998		<u>2.500.000</u>
Samtals tekjur		<u>2.500.000</u>
Gjöld:		
Styrkir	2	7.000.000
Niðurfelling styrkja		(100.000)
Ýmis kostnaður		<u>114.305</u>
Samtals gjöld		<u>7.014.305</u>

Fjármunatekjur - fjármunagjöld:

Vaxtatekjur	3	1.629.815
Sala spariskírteina	4	2.522.400
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	(1.205.390)
Fjármagnstekjur nettó		<u>2.946.825</u>

Tekjur umfram gjöld (Tap) (1.567.480)

Efnahagsreikningur 31. desember 1998.**Eignir:***Kr.***Langtímakröfur:**

Spariskírteini ríkissjóðs		<u>71.125.600</u>
Langtímakröfur samtals		<u>71.125.600</u>

Veltufjármunir:

Bankainnstæða		<u>1.197.955</u>
Veltufjármunir samtals		<u>1.197.955</u>

Eignir alls 72.323.555

Skuldir og eigið fé:**Höfuðstóll:**

Höfuðstóll 1. janúar 1998		67.775.645
Endurmat		1.205.390
Tekjur umfram gjöld (Tap)		<u>(1.567.480)</u>
Samtals		<u>67.413.555</u>

Skammtímaskuldir:

Óhafnar styrkveitingar		<u>4.910.000</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>4.910.000</u>

Skuldir og eigið fé alls 72.323.555

Skýringar með ársreikningi 1998.**Reikningsskilaaðferðir**

1. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu neysluverðs innan ársins. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags ársins. Mismunur á þannig umreiknaðri stöðu í ársbyrjun, að viðbættri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í árslok hins vegar, myndar hækkanir verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 1.205.390 og er sú fjárhæð færð til frádráttar fjármunatekjum. Hinar reiknuðu hækkanir eiga að endurspeglja þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum.

Vísitala í ársbyrjun 182,4

Meðalvísitala 183,3

Vísitala í árslok 183,7

2. Á árinu 1998 voru veittir styrkir alls að fjárhæð kr. 7.000.000.
Eftirfarandi aðilar hlutu styrki:

	kr.
Friðlýsingarsjóður v/Náttúruverndarráðs	1.750.000
Þjóðminjasafn Íslands	1.750.000
Byggðasafn Rangæinga	150.000
Djúpavogshreppur	200.000
Framfarafélag Flateyjar	100.000
Héraðsnefnd Barðstrendinga	150.000
Íslenski lúðubankinn ehf.	100.000
Byggðasafn Hafnarfjarðar	100.000
Leikfélag Reykjavíkur	100.000
Ljósmyndastofa Reykjavíkur	150.000
Landsbókasafn Íslands	200.000
Ragnheiður Viggósdóttir	60.000
Sigríður D. Kristmundsdóttir	200.000
Collegium Musicum	100.000
Viðar Hreinsson	150.000
Hið íslenska bókmenntafélag	200.000
Jón Ásgeirsson	150.000
Hljóðbókagerð Blindrafélagsins	250.000
Fuglaverndarfélag Íslands	90.000
Hvalamiðstöðin á Húsavík	150.000
Kvenfélagið Iðja	100.000
Einar E. Sæmundssen	100.000
Karólína Hulda Guðmundsdóttir	100.000
Nína Margrét Grímsdóttir	150.000
Kvikmyndaverstöðin ehf.	100.000
„Voces Thules“	100.000
Vestfirska forlagið	150.000
Lífsmynd	100.000
	7.000.000

<i>Fjármagnstekjur</i>	<i>1998</i>	<i>1997</i>
v/bankainneigna	63.615	69.610
v/ríkisvígla	0	430.695
v/spariskírteina	<u>4.088.600</u>	<u>8.336.398</u>
	<u>4.152.215</u>	<u>8.836.703</u>

4. Spariskírteini

Í upphafi árs var spariskírteinaeign sjóðsins í 1. fl. D 1995 til 10 ára að nafnverði 58 m.kr., sem uppreiknað til verðgildis í ársbyrjun nam kr. 69.559.400. Á árinu voru seld spariskírteini að nafnverði 2 m.kr., söluverð kr. 2.522.400. Í árslok nam spariskírteinaeign sjóðsins í framangreindum flokki 56 m.kr. að nafnverði, sem að upp færðu verðgildi nam kr. 71.125.600.

Áritun endurskoðenda

Ársreikningur þennan fyrir Þjóðhátíðarsjóð hefur stofnunin endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 1998 og efnahagsreikningi 31. desember

1998 ásamt skýringum 1-4.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1998 og efnahag 31. desember 1998.

Ríkisendurskoðun, 17. maí 1999.

Sigurður Þórðarson.

Áritun stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. maí 1999.

Hulda Valtýsdóttir.

Jónína Michaelsdóttir.
Björn Teitsson.

Hulda Kristinsdóttir.
Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Sveinbjörn Hafliðason ritari.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

1. gr.

F-liður 4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- f) Jarðveg, safnhaugamold, óunninn eða kurlaðan trjábörk og húsdýraáburð. Undanskilin er þó mold, sem að meginhluta samanstendur af mosa (*Sphagnum*), enda sé hún tekin frá óræktuðum svæðum og hafi aldrei verið notuð til ræktunar. Þá er undanskilin mold, sem fylgir rótum plantna eða rótarávöxtum, enda sé hún í óverulegum mæli. Frá löndum þar sem nýsjálenski flatormurinn (*Artioposthia triangulata*) er útbreiddur skulu plöntur og plöntuafurðir vera alveg lausar við mold nema sérstök yfirlýsing sé um það á heilbrigðisvottorði að plönturnar séu frá ræktunarstað þar sem flatormurinn finnst ekki.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum og í samræmi við tilskipun nr. 83/189/EBE um reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 123/1995.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 1999.

Guðni Ágústsson.

Hjördís Halldórsdóttir.